



Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Suðurlandi

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2898
komudagur 1.7.2010

Selfoss 30.06.2010

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breytingum.

Fyrst og fremst verður horft á sameiningu þeirra ráðuneyta sem tengjast velferðarmálum. Fram kemur í frumvarpinu að sameina eigi heilbrigðisráðuneytið og félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Þessi tvö ráðuneyti hafa verkefni á sviði velferðarþjónustu sem skarast verulega. Með því að sameina þau þá ætti að vera auðveldara að samþætta ýmsa þjónustu og um leið að koma í veg fyrir óskýra verkaskiptingu milli ráðuneyta sem hefur bein og óþægileg áhrif á notandann.

Því er þessu frumvarpi fagnað og helstu rökin fyrir því eru:

- Heildarsýn mun aukast, sérstaklega er tengist öldrunarþjónustu en einnig annarri þjónustu
- Til verður heildstæð stefna er tengist allri velferðarþjónustu
- Þjónustan ætti að verða sveigjanlegri og betur samþætt
- Eftirlitskerfi mun eflast, þ.e. samræmt eftirlit með allri velferðarþjónustu
- Samþætting félagslegrar heimarþjónustu og heimahjúkrunar er mjög brýnt að komist á og ætti sameining ráðuneyta að geta aukið þá samþættingu
- Fjármagn og mannaflí nýtist betur en nú er
- Notandinn leitar í eitt þjónustukerfi í stað margra og flókinna kerfa
- Þar sem málaflokkur fatlaðra er að fara yfir til sveitarfélaga og síðar málefni aldraðra ætti sameining ráðuneyta að einfalda samstarf og öll samskipti við sveitarstjórnarstigið.

Það sem ber að varast:

- Að stjórnsýslan verði ekki það stór og flókin að fyrirhuguð sameining verði til þess að aðgengi notenda verði þyngri í vöfum.

Virðingarfyllt,
f.h. Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi


Laufey Jónsdóttir framkvæmdastjóri